



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 128/1243

komudagur 24.2.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2003.

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FJÖGURRA ÁRA
SAMGÖNGUÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2003 - 2006.
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 6. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2006.

Með þingsályktun þeirri sem hér er til umsagnar er mörkuð stefna í samgöngumálum þjóðarinnar til næstu 12 ára. Afar mikilvægt er að mjög sé vandað til þeirrar stefnumótunar sem þar kemur fram og að hún taki mið af sem gleggstum upplýsingum og áætlunum um þróun samfélagsins á því tímasteiði sem um ræðir. Fyrirliggjandi tillaga til þingsályktunar hefur vakið upp spurningar varðandi forgangsröðun verkefna, um samræmingu í samgöngumálum og þróun í flutningum, bæði til skemmri og lengri tíma litið. Sökum þeirra spurninga sem vakna við lestur þingsályktunarinnar, dróst að afgreiða umsögn þessa og er beðist velvirðingar á þeim drætti sem varð á að koma umsögninni í hendur nefndarinnar.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða vekur athygli á ákvæðum 3. gr laga um samgönguáætlun nr 71/2002. Þar segir:

Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgöngubingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgöngubings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgöngubingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila eins og ástæða þykir til hverju sinni.

Í umsögn sinni um lög um samgönguáætlun óskaði Samband íslenskra kaupskipaútgerða eftir því að í lögnum væri að finna ákvæði um aðkomu atvinnulífsins að mótun samgönguáætlunar þannig að atvinnulífið hefði tök á að koma sjónarmiðum sínum að við frumgerð áætlunarinnar og hafa þannig áhrif á endanlegar tillögur í samgöngumálum þjóðarinnar. Var af hálfu samgönguráðuneytisins gefið í skyn að ofangreint ákvæði tryggði aðkomu atvinnulífsins að mótun samgönguáætlunar.



Samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2014 var kynnt á fundi Siglingaráðs 12. desember 2002 með því að drög að samgönguáætlun voru lögð fram á fundinum sem trúnaðarmál. Gögnin voru síðan tekin af ráðsmönnum í fundarlok, þar sem fulltrúar samgönguráðuneytisins töldu ekki tímabært að leggja áætlunina fram með formlegum hætti. Var upplýst að það yrði gert á næstunni. Ekki spurðist frekar til samgönguáætlunar fyrir árin 2003 – 2014 fyrr en með ofangreindu bréfi samgöngunefndar. Samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2014 hefur þannig aldrei verið lögð fram með formlegum hætti þannig að fulltrúar atvinnulífsins gætu mótað afstöðu til áætlunarinnar fyrr en nú. Ekkert samráð hefur verið haft við atvinnulífið um efni samgönguáætlunar fyrir árin 2003 – 2006. Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur þau vinnubrögð sem samgöngunráðuneytið hefur viðhaft við mótun samgönguáætlunar í andstöðu við markmið laga um samgönguáætlun og brot á loforðum um aðkomu atvinnulífsins að mótun áætlunarinnar.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða vekur athygli samgöngunefndar á ákvæðum 1. gr laga um samgönguráætlun en þar segir:

Markmið laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum.

Íslenskar kaupskipaútgerðir hafa með höndum víðtæka flutningastarfsemi á sjó og landi. Starfsemi þessi tekur mið af því að koma til móts við þarfir viðskipavina þeirra með því að veita hagkvæma og fjölbreytta þjónustu. Viðskipavinir kaupskipaútgerðanna eru atvinnurekendur, opinberir aðilar og almenningur. Markmið þessara aðila er að leita leiða til að tryggja sem hagkvæmasta og öruggasta flutninga á vörum að og frá landinu og milli einstakra landshluta, samanber nýlega skýrslu samgönguráðuneytisins um flutningskostnað á Íslandi.

Við gerð samgönguáætlunar hlýtur að teljast eðlilegt að samráð sé haft við þá aðila sem hafa með höndum umtalsverða flutningastarfsemi í landinu í þeim tilgangi að leita frekari leiða til að gera sjó- og landflutninga hagkvæmari og með því draga úr áhrifum flutningskostnaðar á vöruverð í landinu. Það eru því íslenskum kaupskipaútgerðum veruleg vonbrigði hvernig staðið hefur verið að gerð samgönguáætlunar fyrir árin 2003 – 2014 og áætlunar fyrir árin 2003 – 2006. Telur Samband íslenskra kaupskipaútgerða að fyrirheit þau um samráð við atvinnulífið, sem gefin voru við afgreiðslu laga um samgönguáætlun og áður er getið, hafi verið svikin.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða mótmælir harðlega hækkun á vitagjöldum samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að samgönguáætlun. Hækkun vitagjalds leiðir óhjákvæmilega til hækkunar á flutningskostnaði. Á árum áður var mikilvægi ljósvita við öruggar siglingar með ströndum landsins óumdeilt, þar sem þessir ljósvitar voru nánast það eina auk áttavita og dýptarmæla sem gerðu sjófarendum kleyft að staðsetja sig á hafi úti. Ný tækni hefur tekið við hlutverki ljósvita hvað þetta varðar og hefur Siglingastofnun Íslands tekið mið af þessari þróun með því að hefja rekstur á leiðréttingabúnaði fyrir GPS staðsetningartæki. Hins vegar virðist sem að þessi þróun hafi ekki orðið til þess að draga úr starfsemi vitabjónustu til samræmis við þær breytingar sem hafa orðið á hlutverki ljósvita. Með þessu er Samband íslenskra kaupskipaútgerða ekki að gera lítið úr gildi helstu ljósvita við strendur landsins en telur að endurskoða megi þörfina fyrir rekstur vitabjónustunnar í ljósi þeirrar miklu og



nákvæmu staðsetningartækni sem við búum við í dag. Telur Samband íslenskra kaupskipaútgerða tilefni til að sérstakri nefnd verði falið að meta þörf fyrir vita og vitabjónstu í ljósi breyttra aðstæðna.

Vísað er til 2. gr laga um samgönguáætlun. Þar segir:

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

- a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,*
- b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,*
- c. að ná fram viðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.*

Við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur að við gerð samgönguáætlunar, þar sem gerðar eru tillögur um uppbyggingu og rekstur hafna, vega og flugvalla, sé nauðsynlegt að leggja tilteknar hagrænar forsendur til grundvallar þegar unnið er að samræmdri forgangsröð. Ekki verður séð við lestur þingsályktunartillögunnar hvaða aðferðum samgönguráðuneytið hefur beitt við gerð áætlunarinnar að því er varðar að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla. Verður að telja eðlilegt að þær tillögur sem fram koma um úrbætur í samgöngumálum þjóðarinnar sæti tilteknu hagrænu, félagslegu og umhverfislegu mati er komi fram í áætluninni sjáfrí þannig að ljóst sé hverju tilteknar framkvæmdir sé ætlað að skila. Að öðrum kosti verður ekki séð með hvaða hætti unnt er að leggja mat á árangur áætlunarinnar og gildi þeirra framkvæmda sem ráðist er í samanber ákvæði 5. gr laganna um skýrslugerð ráðherra.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við einstaka þætti samgönguáætlunar þar sem ekki er ljóst á hvaða forsendum viðkomandi verkþættir eða fjárframlög eru í áætluninni.

Virðingarfyllst

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem